

33. fundur hreppsnefndar Ásahrepps (aukafundur), haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM fimmtudaginn 5. nóvember 2020 klukkan 15:00.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 11. ágúst 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 10. nóvember 2020.

Þetta fyrirkomulag verði viðhaft á fundum hreppsnefndar svo og annarra fastanefnda Ásahrepps meðan þetta ástand varir og lagaheimildir leyfa. Staðfesting fundargerðar verði framkvæmd með Singnet.is í lok hvers fundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir enn fremur að heimilað verði að nýta fjarfundabúnað á fundum nefnda, ráða eða stjórna skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Ásahrepps.

1. Bókun skipulagsnefndar á 204. fundi sínum, dags. 21. október 2020.

- 1.1. Mál nr. 6; Miðmundarholt 1-6; Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Aðalskipulagsbreyting – 1804005.

Lögð er fram aðalskipulagsbreyting vegna Miðmundarholts 1-6 í Ásahreppi ásamt umsögn Skipulagsstofnunnar vegna málsins. Í breytingunni felst að íbúðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Innan umsagnar Skipulagsstofnunnar vegna málsins koma fram athugasemdir sem lagðar eru fram til afgreiðslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunnar innan greinargerðar og á uppdrætti eins og fram kemur í lið 3.2 í greinargerð skipulagsbreytingar. Hreppsnefnd telur að það sé skýrt að megin notkun svæðisins eigi að vera verslun- og þjónusta þótt svo að útleigð hús innan svæðisins séu í formi íbúða. Nefndin telur að sama skapi varhugavert að opna á heimildir fyrir svo umfangsmiklum rekstri innan íbúðarsvæða þar sem að það geti talist fordæmisgefandi gagnvart öðrum viðlíka svæðum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða breytingar á framlagðri tillögu aðalskipulagsbreytingar fyrir Miðmundarholt og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar á nýjan leik til samþykktar og gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

- 1.2. Mál nr. 7; Miðmundarholt 1-6 Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Deiliskipulagsbreyting – 1805050.

Lagt er fram uppfært deiliskipulag fyrir Miðmundarholt 1-6 í Ásahreppi til afgreiðslu. Greinargerð skipulagsins hefur verið uppfærð í takt við athugasemdir Skipulagsstofnunnar við breytingu aðalskipulags á svæðinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir skipulagið með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því og koma fram innan gr. 3.2. í greindargerð deiliskipulagsins. Hreppsnefndin samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst á nýjan leik í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem of langur tími hefur liðið frá fyrri auglýsingu skipulagsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að gefið verði út bráðabýrgða rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II að Króki og Miðmundarholti 1 – 6, á meðan breytingar á aðal- og deiliskipulagi skv. dagsrárliðum 1.1 og 1.2 eru í ferli.

2. Ákvörðun um fyrirkomulag stjórnarsýslu Ásahrepps í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu á tímum COVID-19.

Ljóst er að aftur er komin upp alvarleg staða í þjóðfélaginu vegna COVID-19 með hertum sóttvarnaraðgerðum og því nauðsynlegt að bregðast við til að tryggja að stjórnarsýsla Ásahrepps geti verið starfhæf á þessum erfiðu tímum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að opnun almennra tíma skrifstofu sveitarfélagsins á mánudögum og miðvikudögum verði hætt frá og með deginum í dag og því skrifstofan lokuð öllum almenningi. Ákvörðun um lokun verður endurskoðuð á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar sem haldinn verður þann 18. nóvember n.k.

Nauðsynlegt er að reyna verja sem best starfsmenn skrifstofunnar til að halda starfseminni gangandi. Aðilar sem vilja eða þurfa að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins verða að nota síma eða tölvupóst til að koma erindum sínum á framfæri. Einnig er hægt að panta viðtalstíma og hitta sveitarstjóra eða oddvita skv. samkomulagi. Jafnframt er lögð áhersla á það að oddviti, sveitarstjóri og launafulltrúi verði ekki á sama tíma við vinnu á skrifstofu sveitarfélagsins. Hreppsnefnd mun halda fundi sína í fjarfundarbúnaði. Mælt er til að þátttaka fulltrúa sveitarfélagsins á fundum fyrir hönd sveitarfélagsins verði að öllu jöfnu með fjarfundarbúnaði.

Sveitarstjóra er falið að auglýsa þessa ákvörðun hreppsnefndar Ásahrepps á heimasíðu hreppsins og hengja upp auglýsingu á og við inngang að skrifstofu hreppsins á Laugalandi.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Ásta B. Ólafsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Egill Sigurðsson
Elín Grétarsdóttir
Guðmundur Gíslason
Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason